



Velferðarnefnd

Lýðheilsa, félags- og geðheilbrigðismál

Tækifæri, traust og trú á framtíðinni

Sjálfstæðisstefnan leggur áherslu á jöfn tækifæri fyrir alla íbúa borgarinnar, óháð aldri og vill efla vellíðan íbúanna og bregðast við félagslegri einangrun þeirra.

Stofna þarf öfluga og samhæfða endurhæfingaráþjónustu sem mætir þörfum íbúa á faglegan og skilvirkan hátt. Sérstök áhersla skal lögð á snemmtæka íhlutun fyrir börn og ungmenni. Jafnframt ber að leggja ríka áherslu á heilsueflandi líferni, bæði andlega og líkamlega, með heilnæmu fæði og reglubundinni hreyfingu. Slík nálgun á að endurspeglast í allri starfsemi skóla og starfsstöðva sem veita íbúum borgarinnar þjónustu.

Lögð skal sérstök áhersla á að öll skipulagsvinna í Reykjavíkurborg taki mið af lýðheilsu sjónarmiðum. Regluleg og markviss götuhreinsun er nauðsynleg til að draga úr heilsuspillandi svifryksmengun og skapa heilnæmt og öruggt borgarumhverfi.

Fólk með fötlun

Ekkert um okkur án okkar – valdefling fyrir alla

Þjónusta fyrir fólk með fötlun þarf að vera einstaklingsmiðuð og byggð á valfrelsi og virkri þátttöku notenda. Mikilvægt er að gera heildstæða fjárhagslega úttekt á stöðu biðlista eftir NPA (notendastýrðri persónulegri aðstoð).

Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík vill stytta biðlista og fjölga fjölbreyttum búsetuúrræðum þannig að fólk með fötlun fái þjónustu á réttum tíma og á þeim stað sem hentar best - hvort sem um er að ræða sambyli eða önnur sértæk úrræði.



Séreignastefna Sjálfstæðisflokksins gengur út á að skapa öllum tækifæri til að eignast sitt eigið húsnæði. Hanna þarf heppilega og hvetjandi útfærslu sem gerir lágtekjuhópum og leigjendum Félagsbústaða kleift að eignast sitt eigið húsnæði. Komið verði á samvinnu við ríkið um fyrirkomulag sem gerir fólki kleift að nýta opinberan húsnæðisstuðning í þágu þess að aðstoða lágtekjuhópa að eignast eigin fasteign.

Eldri borgarar

Lífsleikni – grunnurinn að heilbrigði

Eldri borgurum fjölga mjög hratt. Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík leggur áherslu á heilsueflingu og forvörn eldri borgara til að auka lífsgæði þeirra. Eldri borgarar skulu eiga raunhæft og skýrt val um búsetuform, þjónustustig og skipulag daglegs lífs.

Lagt er til að fjölga og styrkja fjölbreytt úrræði sem stuðla að virðingu, sjálfstæði og öryggi eldri borgara. Heimþjónusta skal vera skilvirk, fagleg og sniðin að einstaklingsbundnum þörfum.

Beita skal nýjustu tækni til að draga úr félagslegri einangrun, efla samskipti og bæta þjónustu. Jafnframt er mikilvægt að efla félagsstarf og auka tækifæri til tómstunda.

Styrkja þarf samstarf við félagasamtök eldri borgara til að tryggja markvissa, gagnsæja og áhrifaríka hagsmunagæslu gagnvart borgaryfirvöldum.

Aðgerðir sem styrkja fjárhagslegt sjálfstæði eldri borgara eru lykilatriði. Í því samhengi er lögð áhersla á að lækka fasteignaskatta eldri borgara í Reykjavík þannig að þeir njóti stærðarhagkvæmni borgarinnar.

Samþykkt á Reykjavíkurbíngi, 22. nóvember 2025